



Fréttabréf FFA - júní 2025

Þá er sumarið komið og starf FFA að hefjast á fullu. Vonandi komast skálanefndir fyrir á fjöll en verið hefur síðustu árin sökum góðrar tíðar undanfarið og vonum við að það bendi til þess að sumarið verði gott.

Ferðirnar hjá FFA eru að hefjast á fullu. Júnímánuður er einstaklega glæsilegur m.a. með veglegri gönguviku og gönguleiknum **paulanum sem kemur inn á heimasíðu FFA í kringum 20. júní og lýkur 20. september.**

Afláttarveisla:

Miðvikudagskvöldið 4. júní milli kl. 18 og 20:30 ætlar verslunin Ellingsen á Akureyri að bjóða öllum félögum í FFA 20% afslátt af öllum vörum verslunarinnar. Starfsmaður GG sport kemur norður og kynnr séstaklega Osprey bakpokana.



GÖNGUVIKA FFA 2025

Frétt:

Þann 13. maí var formaður FFA, Þorgerður Sigurðardóttir sæmd gullmerki FÍ. Gullmerki FÍ er m.a. veitt þeim einstaklingum sem hafa með einum eða öðrum hætti unnið einstakt starf á vettvangi Ferðafélags Íslands, á kjörsviðum þess og eftir stefnu og gildum.

Þorgerður fær heiðursmerkið fyrir farsælt starf innan Ferðafélags Akureyrar og sem formaður þess mörg undanfarin ár.

Þetta er heiður fyrir FFA sem sýnir vel hversu öflugt starfið er og að það er tekið eftir því.